

Borgarráð

***Starfshópur um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg eru lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Hlutverk starfshópsins er að undirbúa mótun gagnastefnu sem tekur meðal annars til geymslu gagna, nýtingu gagna, gagnaöryggis og gagnastjórnunar og gera tillögur að leiðum til samræmingar í gagnamálum Reykjavíkurborgar, sem veiti yfirsýn yfir greiningar og gagnamál, styrki uppbyggingu gagnamála, söfnun upplýsinga og greiningar. Markmið vinnunnar er að stefnumótun í einstaka málaflokkum byggji á samræmdum gögnum og að miðlun gagna sé í samræmi við skyldur Reykjavíkurborgar sem og upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Án samræmdrar sýnar líta einingar borgarinnar á gagnamál með mismunandi hætti. Innleiðing hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar (Qlik) eykur þrýsting á gæði og nákvæmni gagna en kallar jafnframt á að yfirsýn sé til staðar yfir notkun gagna og samfelli upplýsinga þegar innleiðingu lýkur. Ákveðnar takmarkanir eru við greiningarvinnu sem skýrist meðal annars af ósamræmdu verklagi við skráningar í gagnagrunna. Skortur er á markvissri innköllun, söfnun og miðlun kyngreindra tölfræðigagna og tölfræðigagna um jaðarsetta hópa.

### Hlutverk:

Að undirbúa mótun gagnastefnu sem tekur meðal annars til eignarhalds, geymslu og nýtingu gagna, gagnaöryggis og gagnastjórnunar og gera tillögur að leiðum til samræmingar í gagnamálum Reykjavíkurborgar, sem veiti yfirsýn yfir greiningar og gagnamál, styrki uppbyggingu gagnamála, söfnun upplýsinga og greiningar. Markmið vinnunnar er að stefnumótun í einstaka málaflokkum byggi á samræmdum gögnum og að miðlun gagna, til að mynda opinna gagna, sé í samræmi við skyldur Reykjavíkurborgar sem og upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.

### Helstu verkefni:

- Gera tillögu að gagnastefnu Reykjavíkurborgar
- Gera tillögu að fyrirkomulagi gagnaöflunar, úrvinnslu gagna og miðlun
- Gera tillögu að hvernig tryggja megi að gögn séu greinanleg niður á kyn og jaðarsetta hópa
- Gera tillögu að fyrirkomulagi eftirfylgni og eftirlits með gagnastefnu
- Ef þurfa þykir gera tillögur að umbótaverkefnum í gagnamálum

### Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi tölfræði og greiningar, fulltrúi fjármálaskrifstofu, fulltrúar allra fagsviða.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok mars 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson